

Vorfundur 2007

Miðvikudagur 9.maí:

19:00 Bókasafn Reykjaneshæjar, skoðunarferð og kaffi fyrir þá sem vilja

20:00 Aðalfundur SFA í Bíósal Duushúsa

Veitingar í boði Bókasafns Reykjaneshæjar að fundi loknum, forstöðumaður Byggðasafns Reykjaneshæjar segir frá húsunum og sýningunum sem þar eru.

Fimmtudagur 10. maí:

09:00 Bókasafn Reykjaneshæjar - skoðunarferð og kaffi fyrir þá sem vilja

Vorfundur í sal Listasafns Reykjaneshæjar í Duus-húsunum

10:00 Setning vorfundar Hólmkell Hreinsson

10:05 Markaðssetning: Magnea Guðmundsdóttir kynningastjóri Bláa Lónsins

11:00 Kaffihlé

11:15 Ímyndavinna fyrirtækja/ stofnana: Marta Hildur Richter

11:30 Upplýsingar fyrir alla – stefna Upplýsingar: Sigrún Klara Hannesdóttir

12:15 Kynningarátak bókasafna: Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður
Upplýsingar

12:30 Hádegisverður í boði SFA (Jia-Jia á Hótel Keflavík)

14:00-18:00 Reykjanesið í allri sinni dýrð – skoðunarferð

18:00-19:30 Frjáls tími

19:30: Hátíðarkvöldverður í boði Reykjaneshæjar (Sólsetrið á Hótel Keflavík)

Föstudagur 11. maí: í sal Listasafns Reykjaneshæjar í Duus-húsunum

10:00 Brennið þið vitar : Pálína Magnúsdóttir

11:00 Umdæmissöfn á Íslandi: Gísli Sverrir Árnason

12:00 Hádegisverður í boði SFA (Kaffi Duus)

13:00 Leitið og þér munið finnast: Þorvaldur Þorsteinsson

14:00 Orðið laust – millisafnalán, tölfræði og önnur þau mál

15:30 Fundi slitið

Dagana 11.-12. maí 2007 heldur fulltrúaráð EBLIDA, samtaka evrópskra bókavæðafélaga, fund sinn hér á landi, sjá www.eblida.org. Af því tilefni býður menntamálaráðuneytið til móttöku í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 11. maí, kl. 18-19:30. Fundarmönnum á vorfundi SFA er hér með boðið í móttökuna til að hitta evrópska starfsfélaga.

Fundargerð

Fimmtudagur 10. maí – Listasafn, Duus-hús

Hólmkell Hreinsson setti fund. Hann hafði á orði að dagskráin vera upplýsandi, fræðandi og hvetjandi og sagðist hlakka til skoðunarferðar um Reykjanesið. Hólmkell þakkaði Huldu Björk fyrir að hýsa vorfund.

Hulda Björk tók að sér fundarstjórn og Svanhildur Eiríksdóttir fundarritun. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Markaðssetning: Magnea Guðmundsdóttir kynningastjóri Bláa Lónsins.

Magnea byrjaði á að kynna sig. Hún lærði almannatengsl og markaðsfræði í Bandaríkjunum og hefur starfað hjá Bláa Lóninu frá 1998.

Magnea lagði út frá vörumerkjámálum í fyrirlestri sínum og sagði frá hvernig þau hafa verið að byggja upp Blue Lagoon Iceland. Hún sagði frá vöru- og markaðspróun, ásamt ímyndamálum út frá því. Nú starfa 220 manns fyrir fyrirtækið en voru 20 þegar Magnea byrjaði 1998. Hröð þróun hefur átt sér stað. Lagt var upp með að byggja upp sterkt vörumerki, það hefur verið aðalsmerki Gríms Sæmundssonar, forsvarsmanns fyrirtækisins frá upphafi. Vörumerki hefur alltaf

einhverja þýðingu fyrir okkur, þau auka gæði og þjónustu. áherslur Bláa lónsins eru: hágæðapjónusta og hágæðavara á sannaðingum verði því viðskiptavinurinn er tilbúinn að greiða hærra verð fyrir góða þjónustu.

Bláa lónið byggir á einstakri náttúru. Fyrir tveim árum fórum þau í stefnumótunavinnu með öllu starfsfólki, nauðsynlegt að slíka vinna fari í gegnum allt fyrirtækið. Þau spurðu m.a.: Fyrir hvað stöndum við? Niðurstaðan var: Að skapa lífsorku með nýtingu náttúruafllanna. Náttúran er ung og virk, staðsetning landsins skipir miklu máli, auk allra skilyrða á Reykjanesi. Hugmynd Bláa lónsins gengur út á lífsorkuna; nota vörurnar, fara í lónið og heilsulindina. Lifandi orkustöðvar, það er það sem Bláa lónið gengur út á. Hugmyndin verður að vera sýnileg alls staðar í fyrirtækinu.

1995 komu fyrstu vörurnar á markaðinn. Í dag 40 vöru tegundir. 3 verslanir, 1 í Danmörku og sett verður upp verslun í London í sumar. Frekari útrás í Skandinavíu á næstunni.

Meginrekstrareiningar eru Bláa lónið sjálft, heilsulindin og vörurnar. Eiga Hreysti og munu opna Blue Lagoon spa í ár. Fyrstu spa staðurinn fyrir utan lónið sjálft. Verið að skipuleggja í London og víðar. Munu sjá um reksturinn á gufubaðinu að Laugarvatni (Íslenskar heilsulindir-dótturfyrirtæki Bláa lónsins). Bláa lónið á einnig 20% í jarðböðunum á Mývatni.

Mikil þekking hefur skapast í fyrirtækinu og þau telja betra að vera víða um landið.

Leggjum áherslu á gæði, 364 þúsund gestir á síðasta ári, 3-4000 fjölgun á milli ára. Verð mun hækka úr 1400 í 1800 í sumar og því eiga þau bara von á 1% aukningu. Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi fyrir marga milljarða, ný aðstaða verður tekin í notkun á þessu ári.

Bláa lónið þarf að borga fyrir hvern einasta lítra af vatni, vatnið einstakt, þar þrífast ekki bakteríur og því þarf ekki klór eða slíkt. Ekki dýrt miðað við sambærilega staði, t.d. Baden-Baden í Þýskalandi.

Fyrirspurnir:

Hólmkell. Hvernig virkið þið fólk í að finna því vera lifandi orkustöðvar? Magnea: Allir starfsmenn tóku þátt í ímyndavinnunni. 100 starfsmenn tóku þátt og var skipt í hópa. Spurt var: hver eru gildi okkar, fyrir hvað stöndum við? Það sem kom fram hjá öllum hópum; Við erum orka, orka tengist okkar starfi. Við höfum ákveðna mynd af fyrirtækjum og fólki í framlínunni skapar ímynd fyrirtækisins. Þetta kom frá fólkinu sjálfu. Allt nýtt starfsfólk fær upplýsingar um gildi okkar og gildin eru á veggspjaldi á kaffistofu. Í upphafi var lónið tengt við kjarnorku vegna silfurlits umhverfis og var ekki góð fyrir ímyndina. Nú er allt svo grænt og jákvætt fyrir ímyndina.

Ímyndavinna sl. 2 ár er að virka mjög vel fyrir fyrirtækið. Við endurskoðum markmiðin árlega, en erum ekkert að fara að breyta strax.

Orka-náttúra-vísindi: á því keyrum við. Þetta er sýnilegt í öllum okkar byggingum. Hraunveggur t.d. í öllum verslunum. Arkitektinn okkar hefur unnið þrekkvirki að mati Magnea. Fyrir nokkrum árum var það vellíðan og slökun. En fólk segist finna fyrir mikilli orku eftir böðun í lóninu. Neikvæð jónun í lóninu og virkar öðruvísi en vatn.

Kísill, sölt og þörungur er í lóninu og líka í vörunum okkar.

Bæði íslenskir og erlendir gestir í heilsulindinni í mislangan tíma.

Lífrikið. 200 bakteríur hafa fundist, margar sem finna hvernig annars staðar. Unnið er að því að greina þetta lífríki enn frekar.

Bara það að taka myndir af vörum kallaði á hugmyndavinnu. Fyrst vörum með virkni og vöru seldar í apótekum..

Náttúruvörur með virkni, sem eiga heima í venjulegum snyrtivöruverslunum, sbr. Magasin du Nord.

Ímyndin: Náttúran og virkni.

Ímyndin: Allt verður að vera í takt. Lítið um snyrtivöruframleiðslu á Íslandi. Fengum þekktan ítalskan ljósmyndara til að taka myndirnar. Mikil nákvæmnisvinna að gera svona. Vörumerkið orðið stílhreinna núna.

Við rækta þörungana sjálf og keyrum á hreinu íslensku umhverfi alls staðar. Hraunið, mynd af Bláa lóninu í bakgrunn, hvítur litur skírskotun í kísilinn. Hraun, blái liturinn og sá hvíti eiga að kalla fram mynd af Íslandi.

Vörumerkjavitund: Gerðum könnun 16-70 ára internetnotenda. 63% svarenda í Noregi, 55% í Danmörku, 9% í USA þekktu lónið. (Hefurðu heyrt um Bláa lónið á Íslandi).

(Könnun gerð fyrir nokkru: Ímynd Íslands út á við. Flestallir höfðu enga skoðun, nema Norðmenn.) Engin sérstök markaðssetning í Noregi þó. Þeim finnst við greinilega bara flott.

Teljum mikil tengst á milli Blue Lagoon og Íslands. Nú er konan horfin úr vörumerkinu og meiri áhersla á Blue Lagoon.

Erum að fá meira sjálfstraust í að vera Blue Lagoon. Það er afrakstur stefnumótunavinnu meðal starfsfólks.

Við vitum hvað við viljum og gerum mikið sjálf. Höfum unnið með auglýsingastofum hérna heima en erum alltaf búin að móta skilaboðin. Tökum með okkur ráðgjafa. Bjarni

Snæbjörn Jónsson aðstoðaði okkur við greiningu. 1998/1999 vorum við 4ra ára og mjög óþroskuð. Núna erum við sennilega kringum tvítugt.

Höfum fengið mjög góða umfjöllun í fínum fjölmiðlum og það skiptir okkur miklu máli. Höfum ekki mikið svigrúm til að

vera með auglýsingaherferðir út um allan heim og notum því almannatengsl. Fáum í staðinn góðar greinar. Þjóðum hópum, t.d. þegar niðurstöður eru kynntar. Dvöldu hjá þeim, t.d. í heilsulindinni og upplifðu Ísland í leiðinni. Erú í samstarfi við Icelandair t.d. Myndum góð tengst við þetta fólk. Þetta eru skemmtilegri kynningar heldur en auglýsingar þó þær séu líka skemmtilegar.

Í kynningum okkar, t.d. í Danmörku, leggjum við einnig ríka áherslu á Ísland, jafnt og á vörur okkar.

Öll hráefni unnin hér heima, en vörur unnar í Frakklandi. Sérhæfum okkur í vörum unnum í grunninn úr sjóefnum. Ekki mikil þekking á vöruframleiðslu hér heima og þetta er líka gott fyrir auglýsingar erlendis.

Spurning frá Hólmkeli varðandi ímyndina. Orka, náttúra og vísindi. Velliðan kristallast líka í þessu. Notum í auglýsingar, vatn, efnin okkar og fólk. Markmiðið að fólk komi til okkar, því líði vel og fyllist okkur.

Tengsl við bókasöfn: Bókasöfn er afdrep líkt og Bláa lónið. Fólk er að lyfta sér upp á æðra plan, fá þekkingu og virkja hugann.

Spurning úr sal: Hvaða tækni notið þið?

Almannatengslin, lykilinn að hafa kjöt á beinunum. Mikið að gerast hjá okkur á þessu ári. En maður verður að vera trúverðugur og skapa samband á milli stofnunarinnar og þess aðilar sem fer með tengslin og blaðamannsins.

Blaðamarkaðurinn hefur breyst svo mikið; verður að vera frétt næmt og áhugavert. Mannlegar fréttir hafa áhrif.

Bókasöfn vs fFyrirtæki: Þið ættuð að geta komið að fleiri mjúkum málum.

2. Ímyndavinna fyrirtækja/stofnana: Marta Hildur Richter

Langur inngangur að tillögu, segir Marta Hildur erindið vera. Er í námi í opinberri stjórnsýslu.

Gerði verkefni ásamt Huldu Björk í almannatengslum; Að fjölga karlkynsgestum á almenningsbókasöfn. Teljum verkefnið raunhæft. Marta Hildur var einnig hjá Margréti Björnsdóttur í námskeiðinu Forystuhlutverki stjórnenda í opinberum rekstri. Fékk þar m.a það verkefni að skoða ímyndabreyting hjá Símanum, hvað var gert og hvað breyttist? Breytingin tókst vel þó fórnarkostnaður hafi verið nokkur. Unnið var að því sð skerpa framtíðarsýn fyrirtækisins. Geta almenningsbókasöfn farið í svona mörkun eins og Síminn gerði? Vinna Símans byggðist á 8 þrepa kenningu John Kotter. Nauðsynlegt er að fara í alla þætti svo vinnan takist. Markhóparnir byggðust á lífsstíl. Allt starfsfólk með því að gera hlutina, líkt og hjá Bláa lóninu. Starfsfólk Símans fór nokkuð nákvæmlega eftir fræðunum.

Gamla ímyndin: Gömul kona eða maður sem enginn vill fá í party. Breytinga var þörf. Nýi síminn er kraftmeiri, ástríðufylltri, spennandi o.s.frv. Gamalt er því neikvætt í þeirra skilningi. Síminn fór í extreme makeover!!

Innri mörkun: Stefnumótun á innviði stofnunarinnar, fyrirtækjamenningunni. Þarf að byrja á þessu. Ef starfsmennirnir sjá ekki þörfina þá fer allt til andskotans og vekrefnið dauðadæmt frá upphafi. Skilgreining og umræður með starfsfólkinu nauðsynleg. Þjuggu til áttavita, hann er á öllum skrifstofum og í öllum herbergjum fyrirtækisins. Einkonar heilaþvottur. Þetta hefur ekkert með það að gera hvort þjónustan hefur batnað, eins og kom fram í upphafi erindisins. Hvert stefnum við, hver eru markmið okkar og gildi? Þarf að aðlaga starfsfólk nýjum aðstæðum og því var farið í vinnuferð. Heilaþvottur, sagði Marta Hildur aftur.

Starfsfólk Símans sagði þetta mikinn fórnarkostnað. Var stanslaust verið að segja upp fólk sem ekki vildi vera með eða pössuðu ekki lengur inn í ímynd fyrirtækisins.

Margt nýtilegt hér fyrir okkur. Brúa bilið milli gamalla og nýrra markmiða og undirbúa starfsfólk mjög vel.

Tillaga Mörtu Hildar: Næsta stjórn fari af stað með mörkunarvinnu. Ráða utanaðkomandi aðila til að stýra verkefninu og fara í greiningu a la Kotter. Mín framtíðarsýn fyrir almenningsbókasöfn eru mjög björt.

3. Upplýsingar fyrir alla – stefna Upplýsingar: Sigrún Klara Hannesdóttir, fyrrverandi landsbókavörður, núverandi eftirlaunaþegi.

Bæklingnum Upplýsing fyrir alla. Þekkingarsamfélagið 2007 – 2011. Stefna Upplýsingar, Félags bókasafns og upplýsingafræða dreift til fundarmanna við upphaf erindis SKH.

Sigrún Klara byrjaði á að þakkaði fyrir boðið að koma á þennan fund og minntist þess að fyrsta boðið sem hún í sem landsbókavörður var í þennan félagsskap. Táknrænt að það síðasta skuli vera það líka.

Mjög gagnlegar upplýsingar hafa komið hér fram og gagnast okkur í stefnumótun bókasafna til framtíðar. Stefna okkar byggist á þessu: Einkenni bókasafna, hvað á notandinn von á? Getum við búið til vörumerki fyrir bókasöfn. Allri verða að eiga síma, allir verða að eiga bókasafnskort!

Formáli að kynningu: Þriggja ára meðganga. Á landsfundi 2004 beint til Upplýsingar að vinna að framtíðarstefnumótun. 2005 var sett á laggimar stefnumótunarnefnd, febrúar 2006 komu tilnefningar og vinna gat hafist.

Hugmyndin var sú að hafa fulltrúa frá öllum safnategundum í stefnumótunavinnu. Nefndin hittist þó aldrei öll og þátttaka var misvirk hjá nefndarmönnum. Hugarflæðisvinna fyrst: Hvað lýsir best bókasöfnum á Íslandi árið 2010?

Hvernig sjáum við það? Allir fengu gulan miða til að segja hvernig þeir vilja sá bókasöfn eftir 5 ár. 65 hugmyndir og frjó hugsun kom fram. Flokkaðar niður. Skoðuðum einnig stefnumótanir í nágrannalöndum. Gaman að skoða þá norsku til 2020. Þar tala þeir um 3 möguleika á framtíðarsýn. Allt raunhæft og sumt orðið að veruleika. Bókasöfn geti þróast í 3 áttir en Sigrún Klara segir að þau muni þróast í allar þessar þrjár áttir. 1. Musteri andans, sækja sér þekkingu, menningu og menntun. 2. Þráðlaust bókasafn, þekking heiman frá sér (sbr. Landsbókasafnið þekkingarveita). 3. Einkavædd upplýsingamiðlun. Held að þetta muni gerast í framtíðinni. Upplýsingaþjónusta fyrir þá sem eru tilbúnir að borga fyrir hana.

Allir að spá í einhvers konar stefnumótun, sbr. gagnasöfn sem skoðuð voru við vinnuna. Nauðsynlegt að taka mið af þeim stefnumótunarskjölum sem til voru hér á landi (Auðlindir í allra þágu og fl.) Tengja okkar vinnu við þessi skjöl. Eftir vinnuna komumst við að þessari niðurstöðu: Kjarninn í bókasöfnunum eru þessir 4 þættir sem við verðum að gefa gaum. 1. Safnkosturinn. - Skipulag safnkostar. 2. Mannauðurinn og menntun starfsmanna. 3. Þjónustan. 4. Markhópurinn.

Skiptum þessari vinnu niður í hópa, hver tók einn þátt, auk formála. Nauðsynlegt því við náðum aldrei að vinna öll í einu.

Kjarni stefnunnar: Sjá bls. 10. Þetta er okkar framtíðarsýn.

Í inngangi er dregið fram hvernig við sjáum þetta fyrir okkur í stuttu máli. Spurning hvort skipa þurfi 7 hópa um hvern þátt til að vinna nánar.

Lokaorð Sigrúnar Klöru: Þurfum að búa okkur til vörumerki. Þurfum að geta sýnt fram á að bókasöfn bæti lífsgæði fólks. Þetta er svo augljóst að ég get ekki ímyndað mér að annað en það verði auðvelt fyrir okkur að búa til vörumerki.

4. Kynningarátak bókasafna: Þórdís T. Þórarinsdóttir, formaður Upplýsingar

Kynning á hugmynd: Á bókasafninu þínu/@your library.

Bókasöfn sem ein órofin þjónustuheild: Það hefur verið skoðun Þórdísar að bókasöfn ættu að vera þannig. Gegnir.is og hvar.is hafa skipt þar sköpun, einnig félagsskapur eins og Upplýsing og SFA. Kynnti á SFA fundi hugmynd frá ALA.

Eru háð notkunarskilmálum.

Kynningarátak bókasafna: Aðlaga kynningarefni íslenskum aðstæðum. Styrkur sóttur til Menntamálaráðuneytis, honum var hafnað. Bréf sent stjórn SFA í maí þar sem óskað var eftir samstarfi þessara tveggja félaga og Upplýsing leggur fram 200 þúsund króna styrk. Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur og 3 aðilar verði frá hvoru félagi, þ.e. SFA og Upplýsing.

Nú er boltinn hjá SFA ef áhugi er á að stofna nefnd. Gæti verið mörkunar- og kynningarnefnd. Þórdís dreifði notkunarreglum vegna kynningarátaksins @your library til fundarmanna.

Hólmkell: Brýnt að nefndin fái veganesti. Gott að ræða þetta á þessum vettvangi og tilvalið að nýta mörkunarhugmynd Mörtu Hildar.

Í fjarveru Þórdísar leggja menn til að Þórdís verði í nefndinni. Þar sé drifkrafturinn sem þarf í þessa vinnu.

Fleira ekki gert. Fundi frestað til kl. 10 á föstudagsmorgun.

Eftir hádegisverð var farið í skoðunarferð um Reykjanesið í fylgd Rannveigar Lilju Garðarsdóttur, leiðsögumanns og starfsmanns Bókasafns Reykjanesbæjar.

Föstudagur 11. maí kl. 10

Hólmkell Hreinsson setti fund kl.10:06 og stakk upp á Áslaugu Óttarsdóttir sem fundarstjóra dagsins í dag og var það samþykkt. Ragnhildur Árnadóttir og Hulda Björk Þorkelsdóttir voru fundarritarar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Brennið þið vitar : hugleiðingar um menningarstefnur og bókasöfn. Pálína Magnúsdóttir

Pálína byrjað að segja frá meistaranámi í menningarstjórnun sem hún stundar við Viðskiptaháskólann á Bifröst í upphafi erindisins gerði Pálína grein fyrir menningu sem fræðigreinin og menningarhugtakinu. Vitnar hún í nokkra fræðimenn um hugtakið menningu og ræddi um hvort við erum á fjarlægjast þetta hugtak með of víðri skilgreiningu. Þá útskýrði Pálína hvað menningarstefna væri og til hvers hún er. Þá ræddi hún um menningu sem félagslegt stjórntæki, s.s. rekstur skóla, sinfóníuhljómsveit, allt miðaðist við að þroska fólk, gera það hamingjusamara, en nú er áhersla á að gera menninguna að upplifun og jafnvel arðsemi.

Hún tók dæmi um stefnur kaupstaða s.s. Menningarstefnu Skagafjarðar og starfsáætlunar, gerða menningarstefnu Reykjavíkurborgar, með átta meginmarkmið og leiðir að þeim, einnig markmið Borgarbókasafns. Þá sagði hún frá menningarstefna Garðabæjar sem Pálínu þótti nokkuð sérstæð þar sem eitt af markmiðunum er að bærinn sé

hönnunarbær.

Um menningarstefnur almennt, þær stefni annað hvort innávið eða útávið. Skilgreiningar um menningarstefnur sem vita sem lýsa í myrkri.

Varðandi bókasöfn hafa reynst þær menningarstofnanir sem best eru sóttar og Pálína tekur nokkur dæmi um fjölpætt störf þeirra.

Hafa menningarstefnur áhrif á bókasöfnin? Pálína bendir á að bókasöfnin hafi ekki verið með í umræðunni um menningarhúsin og veltir upp hugleiðingum um hvers vegna. Verið er nú að stofna félag menningarstjórnanda og taldi hún að störf þessa félag væri áreiðanlega undanfari þess.

Umræður:

Marta Hildur tók til máls og benti m.a. á að fjölmiðlar stjórni töluvert umræðu um menningu.

Hólmkell: Bókasöfn eru eins “konan sem kyndir ofninn minn” – alltaf hlý og notaleg og að við sem störfum þar eigum ekki að láta ekki stjórnast af upphefðinni að utan.

Pálína: Um mikilvægi lýðræðishugsjónarinnar í störfum bókasafna. Vitnar í Dani sem virðast kynda undir þessari staðreynd sem jöfnun möguleika til upplýsingar.

Anna Torfad. leggur enn og aftur áherslu á ábyrgð okkar að upplýsa um starfsemi bókasafna. Pálína tekur undir orð Önnu.

Hólmkell talar um að halda ræður og í framhaldi er rætt um fjölnotasali.

Marta Hildur segir frá reynslu sína af fjölnotasal þar sem er opið inn í bókasafnið.

Sunna í Grundarfirði sagði frá því að hún hafi haldið upp á afmæli á safninu Pálína þekkir það og telur það markaðsetningu. Hún ræðir þá um innri markaðsetningu og tekur dæmi um kórin sinn.

“Við erum ógeðslega flott” má segja að séu lokaorð Pálínu sem telur að þannig sjálfstyrking sé öllum til bóta.

2. Umdæmissöfn á Íslandi. Gísli Sverrir Árnason

Þakkar Pálínu og telur hana vera með þeim hugmyndaríkustu í félaginu og hann er sérstaklega ánægður með titilinn, Brennið þið vitar. Í því sambandi segir hann frá safninu á Stokkseyri þar sem fólki gefst kostur á að upplifa þetta lag (Páls Ísólfssonar) og á meðan kvikna vitar í kring um landakort af Íslandi.

Gísli Sverri segir frá lokaverkefni sínu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Þar setur hann fram nýjar hugmyndir um umdæmissöfn á Íslandi og óskar eftir umræðum í lokin.

Hann ætlar að sýna fram á öflugri samstarfs safna með nýju skipulagi, ekki aðeins bókasöfn heldur allra safna.

Höfuðsöfnin verði fimm. Meira samráð milli ólíkra safnategunda. Gísli starfar nú sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi um menningarmál og segir frá reynslu sinni sem sveitarstjórnamaður, forstöðumaður safna og starfi á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Fimm tegundir safna á Íslandi, Almenningsbókasöfn, menningarminjasöfn, héraðsskjalasöfn, listasöfn og náttúruminjasöfn.

Telur sig ekki einan um eftirfarandi skoðanir: Miðsöfnin eru allt of mörg og stór hluti þeirra hafa litla möguleika á að sinna skyldum sínum. Umræða um að stefna beri að færri einingum og sterkari. Gísli Sverrir spyr hvort söfnin séu of mörg. Nú fjölgar söfnum mjög, þ.e. öðrum en bókasöfnum.

25 söfn á hverja 100. þús íbúa. (Aðrar tölur benda á 40 þús. íbúa). Menningin skorar hátt hjá ferðamönnum, ekki aðeins náttúran.

Um fimm safnategundir.

Almenningsbókasöfn, héraðsskjalasöfn, listasöfn, menningarminjasöfn, náttúruminjasöfn.

Birtir tölur um fjölda þeirra og skyldur þeirra. Ræðir svo um safnalög, opna gáttir um söfnum en skilja höfuðsöfnin eftir í lausu lofti, ættu að vera rammalöggjöf. Ætti að stuðla að samstarfi allra safnategunda.

Verkefni Gísla og inntak erindis í dag eru “umdæmissöfn” tekur hugtakið úr lögum um almenningsbókasöfn.

Það er skoðun Gísla Sverris að umdæmissöfn eigi að vera forystusöfn, haf aukið hlutverk, vera á ábyrgð sveitarfélaga því umsýsla ríkisins sé orðin of mikil eins og um mörg mál í nærþjónustu. Fagleg ráð og stuðningur ætti að veitast af umdæmasöfnum. Hlutverk þeirra að sinna stjórnun, veita ráðgjöf, sinna mikilvægum málum s.s. tölfræði og allt ætti þetta að bæta þjónustu safnanna. Rekstur ætti að njóta stuðnings ríkisins, en rekstur ætti að vera á vegum heimasveitarfélags. Þau væru opinberar stofnanir, án hagnaðarkröfu, sem ætti að leiða til sameiningar og fækkunar. Stjórn þeirra yrði á vegum sveitarfélaga og gera þyrfti kröfur um menntun, aukið samráðs.

Val á umdæmissöfnum:

Fjöl margar fyrirmyndir, sýslur, kjördæmi, náttúrustofu og embætti minjavarða. Hér áætla Gísli 5-8 svæði. Búa til fyrirfram forsendur, ekki búa til nýjar einingar. Skilyrði,

sveitarfélagið þarf að vera burðugt og eins og staðan er í dag eru aðeins 15-20 sveitarfélög í stakk búin í dag. Eðlilegt að huga að hæfilegri dreifingu. Þetta yrði að treysta byggðirnar.

Aukið hlutverk höfuðsafna. Beita sér fyrir faglegri ráðgjöf, stefnumótun og stjórnun.

Breytt staða héraðssafna., mundi starfa undir faglegri stjórn, rekstrarstyrkir félli niður ættu að hafa umráð til að styrkja fjárhagslega til ákveðinna verkefna.

Gísli Sverrir vill nýtt safnaráð með afli og krafti til að stuðla að samvinnu allra safna. Bendir á þesskonar starf á Norðurlöndum. Aukið hlutverk:

Fjárveitingar:

Með tölur um framlög ríkisins til safnamála í dag – 330-350 millj.

Einnig tölur um kostnað við þessar breytingar og að lokum tölur um árleg framlög ríkisins í módeli Gísla Sverris.

Til þess að breytingarnar yrðu að raunverulegar þyrfti samstarf ríkis og sveitarfélaga en einnig félaga eins og þessa félags.

Hver er ávinningur? Markvissari stjórnun, faglegra starf, einfaldari kerfi, styrkir sveitarstjórnarstigið og búsetu.

Skýrir í lokin hugmyndir sínar um möguleg umdæmissöfn. Umdæmi almenningsbókasafna yrðu 8, en færri umdæmi fyrir héraðsskjalasöfn, menningarminjasöfn, náttúruminjasöfn og listasöfn.

Að lokum telur Gísli Sverrir að tímabært sé að breyta í átt að einföldun, réttlátari skiptingu fjármuna og faglegri stjórnun. Hlustað verði á félag eins og þetta sem skiptir miklu máli. Og endar með því að vitna í orð Eiríks

Þorlákssonar í Menntamálaráðuneyti um samstarfsaðilar að framtíðarþróun.

Umræður:

Hólmkell ræddi um hlutfall þjónustu sveitarfélaga /ríkis. Er svarið ekki að fá sveitarfélög eru nægilega burðug? Gísli Sverrir taldi að það ætti að flokka sveitarfélög eftir stærð og styrkleika. Hann minnr á að bókasöfnin séu sterkasti stofninn í menningarmiðstöðvum. Telur að hagur borgaranna sé greinilega fækkun sveitarfélaga.

Hulda Björk spyr hvort hann hafi kynnt þetta fyrir Menntamálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ef svo, hvernig viðbrögðin hafi verið.

Gísli svarar því til að hann hafi þegar gert það og þeir telja hann fara of hratt.

Ingibjörg Hjartard. spyr hvort þetta gæti ekki orðið umræða á safnaþingi? Sem Gísli Sverrir telur mjög mikilvægt, þá mundi safnafólk sýna styrk sinn.

Hulda Björk telur áskorun Gísla Sverris til félagsins vera spurning um starfsemi þess, ætlum við að vinna útávið eða bara innávið.

Pálína leggur til að fyrirlestrarefni hennar og Gísla Sverris verði tengt saman undir einum hatti með breiðfylkingu menningarmála.

3. Leitið og þér munuð finnast. Þorvaldur Þorsteinsson.

Fyrirlestur ÞP fjallaði um ímynd starfsfólks bókasafna frá sjónarhorni viðskiptavinar og sagði Þorvaldur skemmtilegar eigin reynslusögur sem notanda bókasafns, bæði þegar

hann var barn og fullorðinn. Hann rifjaði upp lýsingu á Bókavörðu með hornspangargleraugu sem gat bara hugsað í stafrófsröð úr bókum hans um Blíðfinn. ÞP taldi að margir bókaverðir enn reiðir honum fyrir þá lýsingu !

Nokkrir athyglisverðar ábendingar úr fyrirlestri Þorvaldar til bókavarda í ímyndarvinnu:

Bókaverðir aðstoð við að finna, hjálpa til að raða saman púslukubbum til að búa til mann sjálfan. Raða saman kubbum, þeir getum aðstoðað við það með þekkingunni sem þeir búum yfir.

Menn ekki vanir þeirri hugsun að þeir geti fengið aðstoð á bókasöfnum.

Ekkert mál þegar maður loksins spyr, sbr. saga af landabréfum og ljósritun á bókasafni

Sæluvíma yfir að þetta skuli virkja, millisafnalán,

Byggja þarf upp sjálfstraust til að leita og njóta.

Virða það sem er óvænt.

Hvernig á maður með lítið sjálfstraust úr skólakerfinu að koma inn á bókasafn og ætlast til að e-r vilji hjálpa honum?

Þar hljóta allir að vera uppteknir við að sinna stórskáldinu!

Bókaverðir hafa aðstæðurnar til að sinna “okkur hinum”, sennilega bestu stundirnar í þeirra starfi. Ótrúlegt að það sé starf einhverja að sinna “okkur hinum.”

Sinnt af ástríðu, menn upplifa að þeir séu einhvers virði. Sífellt ný sjónarhorn, áhugi á einhverju nýju.

Bókaverðir tregir til að viðurkenna að þeir verði auðveldlega vaktir til áhuga á ýmsum hlutum, fá borgað fyrir vinnu ekki áhugasvið eða listir. Þurfum að hafa gaman að því sem við erum að gera, fá tilboð sem ekki er hægt að hafna.

Ímynd ÞP af bókavörðum: höfum lyklavöld að öllu sem menn vilja kíkja í, sumir þorir ekki að spyrja/ónáða. Viðbrögðin

eru oftast önnur en hann reiknar með.

Hér er bara hægt að fá staðfestingu á því sem þú þegar veist.

Bókasöfn er umfram allt sá staður sem almenningur getur fengið aðgang að upplýsingum.

Þekkingu, sem fer beint til hjartans. Hlusta á mann sem vitsmunavera með leyfi. Maður hefur unnið nýjar lendum.

Maður fer stærrí út. Maður kemur ríkari út af sjálfum sér.

Þurfum engar áhyggjur af þeim sem eru nú þegar á bókasöfnum, það eru hinir.

Get ég aðstoðað? Nýtt að maður sé spurður!

Breyta lífi!

Þetta er ímyndin sem ég hef af ykkur, sagði Þorvaldur.

Hann ráðlagði bókasöfnum að vera ekki of ópersónulegur (faglegur), heldur segja:

Komdu, við förum saman í ævintýraleitina. Leitið og þér munið finnast!

Samfélagið er svona, gefa af sér, uppbyggileg forvitni,

Enginn markhópur – viðskiptavinir/gestir – hver ætti ekki að fara á bókasafn?

Þið berið ekki ábyrgð á að fólk kemur ekki.

Ábending: Aðalsafn í Tryggvagötu, hvar byrjar það? Breyting: Börn mega hnoðast á gólfinu með bók vs minning um gamla bókasafnið á Akureyri þar sem maður átti að fara úr skónum og á mann var sussað.

Töfrarnir liggja í starfsmönnum og hvernig þeir bregðast við að taka upp lykklappurnar og fara að leita!

Önnur mál:

1. Hulda Björk : Bókasafnstækni. Fyrstu bókasafnstæknar komnir til starfa en berjast fyrir viðurkenningu til launa. launahækkun. Hulda Björk ber undir fundinn að fela næstu stjórn að styðja að þetta starfsheiti verði metið til launa. Samþykkt.

2. Erla Kristín las upp bréf frá uppstillinganefnd Upplýsinga. Eru að leita að formanni og leita eftir stuðningi félagsins til þess er að finna formann. Lilja upp-lýsir að uppstillinganefnd hefur unnið mjög mikið og búnað að hringja í yfir 70 manns. Ingibjörg Hjartardóttir segist kannast við svona mál eftir að hafa starfað í stjórn Félags bókasafnsfræðinga. Umræður um málið, er hægt að launa formann? Lilja og Hulda Björk upplýsa að slíkt sé ógerlegt miðað við núverandi rekstrartekjur. Hulda Björk kvartar undan að of fá bókasöfnin séu félagar, það mundi gera félagið öflugra ef fleiri söfn skráðu sig í félagið. Hólmkell leggur til að allir viðstaddir hvetji önnur söfn í nágrenni sínu til að gerast félagar bæði í SFA of Upplýsinga, ekki þarf bókasafns- og upplýsingafræðimenntun til að geta verið með, þannig fást aukin félagsgjöld. Anna Torfadóttir vissi um vandamálið og lágur greiðslur til formanns.en hefur ekki gert sér grein fyrir fjárhagsvanda-málunum. Lilja benti á að Borgarbókasafn hefur alltaf unnið vel fyrir félagið. Hólmkell sagði frá fyrirkomulaginu í Danmörku, þar greiða sveitarfélögin í félögin og styrkja. Hann lýsti yfir stuðningi við tillögu Margrétar Ásgeirsdóttur að bókasöfnin niðurgreiði félagsgjöld fyrir starfsmenn sína. Hulda Björk telur að fólk eigi sjálft að hafa metnað í að vera í fagfélagi. Rætt um mótmæli rannsóknarbókasafna um fundarefni á landsfundi – sem allir aðrir voru ánægðir með. Hólmkell. Ef allir eru að hugsa “hvað fæ ég út úr þessu” er ekki von að vel fari ef fólk finnur ekki fyrir samstöðu. Þetta er mikil vinna. Varðandi SFA, nauðsynlegt að brýna fólk til að vera með. Ragnheiður í Stykkishólmur leggur til að haft verði samband við yfirstjórnir safnanna, því mikil skipti eru á fólki, það þyrfti jafnvel hafa það í starfslýsingu safnvarða að vera í félaginu. Hulda Björk minnir á að @yourlibrary sé eingöngu til afnota fyrir féлага í Upplýsinga því það hafi einkarétt á að nota það hér á landi.

3. Sjálfsafgreiðsluvélar. Anna Torfadóttir segir frá því að Borgarbókasafn sé að taka í notkun sjálfsafgreiðsluvélar og í þær verði að nota plastkort. Nú verði Bbs að lát a búa til plastkort með fyrirfram ákv. númeraröð. Bbs. ætlar að pantar 30 þús kort. Efst á kortinu verður logo Gegnis og www.gegnir.is, á miðjunni bókasafnskort. Nú er verið að leitum að slagorði og óskar Anna eftir hugmyndum/tillögum. Rönd verður aftan á kortunum eins og á kreditkortum til undirskriftar. Anna kallar eftir fleirum bókasöfnum sem vilja vera með í pöntun á skírteinum. Borgarbókasafn mun sjá um þessa fyrstu pöntun en síðan mun Landskerfi sjá um framleiðslu og sölu plastkortanna.

4. Fjölmenning. Margrét Ásgeirsdóttir greinir frá erindi sem henni barst frá umdæmisfulltrúi Rauða Krossins. Hann vildi kanna hvort hægt væri að koma af stað samstarfsverkefni um farandkassa með bókum á erlendum tungumálum fyrir innflytjendur. Það þyrftu að kanna hvað mikið er af fólki frá hverri þjóð og Rauði krossinn myndi kosta þetta. Hólmkell fagnar tillögu Rauða krossins. Hulda Björk fagnar líka þessu framtaki RKÍ en segir frá því að ekki hafi tekist að fá RKÍ til samstarfs um BOM verkefnið. Hún stingur upp á að sameinumst um vefsíður í t.d. Vefbókasafninu með upplýsingum um almenningsbókasöfn á erlendum málum. Anna Torfa tekur undir þetta og leggur til að vista megi vefsíðurnar á www.island.is. Sunna Njálisdóttir tekur undir þetta og finnst mikilvægt að allar upplýsingar séu á einum

stað fyrir útlendinga. Hún sagði frá fundi um þessi mál, það vantar greinilega miðstöð, ætti að hafa samband við fleiri sem hafa með þetta gera. Barböru Guðnad. finnst að Vefbókasafnið væri kjörinn vettvangur.

5. Fleiri mál voru ekki undir liðnum önnur mál. Fundarstjóri spyr hvort Akranes geti haldið næsta haustfund sem var auðfengið. Anna Torfdóttir segir næsta vorfund vera áætlaðan í Reykjavík.

6. Nýkjörinn formaður, Áslaug Óttarsdóttir þakkar traust og segir sig ekki eina því hún hefur sterkan hóp. Vegna þess að mikið var talað um markaðsetningu á fundinum, minnst Áslaug á auglýsingu sem gerð var á námsárum hennar í námskeiði um markaðsetningu á bókasöfnum hjá Hildi Eypórsdóttur. Þar var markmiðið að gera fólk hamingjusamara með því að sækja bókasöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30. Fundarmönnum var að fundi loknum boðið til móttöku í Þjóðmenningarhúsinu sem haldin var fyrir ráðstefnugesti EBLIDA fundarins í boði menntamálaráðuneytisins.

Ragnhildur Árnadóttir og Hulda Björk Þorkelsdóttir rituðu fundargerð